

Dags eftirlits	8.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Fyrirtæki	Gallon ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630921-2280	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Árni Karelson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið kom fram eitt frávik varðandi mælingar á olíu í fráveituvatni. Jafnframt voru settar fram tvær ábendingar, annars vegar vegna Oil Test strimla til að mæla magn olíu í fráveituvatni og hins vegar uppsöfnun úrgangs innan lóðar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Gallon ehf. í Krossanesi á Akureyri þann 8. október sl.

Boðuð dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir starfsleyfið
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Kynning á meðfylgjandi gögnum
7. Önnur mál
8. Vettvangsskoðun

1. Staða frá síðasta eftirliti

Engin útistandandi frávik eða ábendingar voru til staðar frá síðasta eftirliti sem fram fór þann 21. apríl 2023.

2. Starfsleyfi

Gildandi starfsleyfi stöðvarinnar var endurútfært þann 5. janúar 2023 vegna nafnabreytingar og er í gildi til 31. janúar 2034.

Um er að ræða ómannaða stöð með 8 standandi stálgeyma fyrir bensín, olíu og úrgangsolíu. Í stöðinni er heimilt að geyma allt að 7.304 m³ af olíu og allt að 1.170 m³ af bensíni. Jafnframt er heimilt að taka á móti allt að 2.000 tonnum af úrgangsolíu á ári.

Engar breytingar hafa verið gerðar á umfangi starfseminnar.

3. Eftirlitsmælingar og skráningar

Ekki er daglegt eftirlit með stöðinni, en lágmarks tíðni eftirlits er a.m.k. einu sinni í viku. Reglubundnar skráningar sem taka til almenns eftirlits, viðhalds og bilana í mengunarvarnarbúnaði eru gerðar á mánaðarblöð í rekstrarhandbók.

Í stöðinni er sandfang og tvær olíuskiljur sem taka við frárennsli frá lekapróm og áfyllingarplani stöðvarinnar. Sandfang og olíuskiljur eru tæmdar að lágmarki einu sinni á ári. Sandfang var tæmt 30. september 2025. Í olíuskiljum er viðvörunarbúnaður og sjálfvirkir lokar sem lokast ef olía greinist í frárennsli stöðvarinnar eða ef skynjarar bila. Skynjari í annarri olíuskiljunni var bilaður þegar eftirlitið fór fram, en búið var að panta varahlut. Í síðasta reglubundna eftirliti Umhverfisstofnunnar, nú Umhverfis- og orkustofnunnar, með starfseminni var rætt um að reglulega þurfi að prófa viðvörunarbúnað í olíuskiljum til að öruggt sé að hann virki sem skyldi og bæta skráningum varðandi þær prófanir í rekstrarhandbók. Hefur það nú verið gert.

Mánaðarlega er athugað með Oil Test strimli hvort olía sé í frárennsli frá olíuskiljum. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg, sbr. gr. 3.5 í starfsleyfi. Skv. gr. 4.2. í starfsleyfi skal mæla olíu í fráveitu frá skiljunum að lágmarki þriðja hvert ár eða oftar ef vafi leikur á að kröfur um hámarks magn olíu í fráveituvatni séu ekki uppfylltar. Var síðasta

mæling gerð árið 2021 en við eftirlitið voru ekki til staðar gögn sem sýndu fram á að mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar hafi verið gerð árið 2024. Í tölvupósti þann 14. október 2025 kom fram að mælingar í frárennsli skv. starfsleyfi hafi verið framkvæmdar með samskonar strimlum og notaðir eru mánaðarlegt eftirlit. Bent er á að nefndir strimlar eru skv. framleiðanda eigindleg próf sem einungis gefa vísbendingar um það hvort olía er til staðar í vatni eða jarðvegi, en mæla ekki magn olíu sé hún til staðar (Qualitative Oil test paper, MN | MACHEREY-NAGEL). Þá er næmni prófsins að stórum hluta háð eðli þess kolefnis sem um ræðir. Því skal taka sýni af frárennsli og mæla magn olíu á rannsóknarstofu þriðja hvert ár.

Geymar B-205 og B-208 voru ekki í notkun þegar eftirlitið fór fram vegna reglubundinnar botnþykktarmælingar. Þrír geymar stöðvarinnar, þ.e. B-201, B-203 og B206, verða botnþykktarmældir á næsta ári. Niðurstöður botnþykktarmælinga á geymum B-205 og B-208 bárust eftirlitsaðila með tölvupósti þann 23. október 2025. Báðir geymar eru ótærðir og í góðu ásigkomulagi skv. mælingunum.

Löndunarlagnir voru þrýstiprófaðar í lok árs 2024 og niðurstöður prófanna bárust eftirlitsaðila þann 18. desember það ár. Næstu þrýstiprófanir á löndunarlögnum skulu fara fram eigi síðar en á árinu 2029.

Ekki er krafa í starfsleyfi um að olíubirgðastöðin í Krossanesi hafi gufusöfnunarbúnað þar sem geymar stöðvarinnar eru með föstu þaki og gegnumstreymi bensíns í stöðinni skal vera undir 5.000 tonnum ár ári, sbr. 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 525/1999 um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess á birgðastöðvum til bensínstöðva. Við eftirlitið lágu ekki fyrir upplýsingar um gegnumstreymi bensíns í stöðinni fyrir síðast liðið ár. Upplýsingar um gegnumstreymi bensíns í stöðinni bárust með tölvupósti þann 14. október 2025 og reyndist það undir mörkum samkvæmt starfsleyfi.

4. Áætlanir og viðbrögð

Til staðar er viðbraðgsáætlun, dags. 6. nóvember 2023. Er hún sýnileg bæði innan- og utanhúss.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Engar breytingar hafa verið gerðar á starfsemi olíubirgðastöðvarinnar og því er áhættumat og tíðni eftirlitsferða óbreytt.

6. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Rekstraraðili var beðinn um að kynna sér tvö skjöl, þ.e. leiðbeiningar um olíuskiljur og kynningu á breyttu verklagi við eftirlit, sem send voru í tölvupósti með boðun eftirlits.

7. Önnur mál

a) Aðfluttur olíumengaður jarðvegur

Árið 2019 var olíumengaður jarðvegur fluttur inn á athafnasvæði olíubirgðastöðvarinnar til hreinsunar áður en honum yrði komið í endurnýtingu eða honum fargað. Búið er að velta haugnum 3-4 sinnum á tímabilinu og bæta í hann áburði til að auka niðurbrot olíuefna í honum.

Rekstraraðila, sem handhafa úrgangsins, ber að taka sýni úr haugnum til að ákvarða mengunarstig hans, sbr. viðauka með reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg, áður en hann er fluttur af staðnum til endurnýtingar eða förgunar. Niðurstöður sýnatökunnar skulu sendar til Umhverfis- og orkustofnunnar og ákvörðun um endurnýtingu eða förgun jarðefnisins skal tekin í samráði við eftirlitsaðila.

b) Bráðamengunartrygging

Bráðamengunartrygging olíubirgðastöðvarinnar er í gildi til 31. desember 2025.

8. Vettvangsskoðun

Gengið var um athafnasvæði olíubirgðastöðvarinnar. Hlið voru lokuð þegar að var komið og girðingar eru heilar. Athafnasvæði stöðvarinnar var snyrtilegt á að líta, en þó er töluvert af gróðri í lekaþró og greinilegt olíusmit er við loka á geymi fyrir úrgangsolíu og sjáanleg úrgangsolía í jarðvegi þar sem dælt hafði verið úr flutningabil á úrgangsolíugeymi. Ráðgert er að hreinsa upp sýnilega olíu sem og hreinsa gróður frá tönkum og setja malarlag við allt stál. Þá er innan athafnasvæðis stöðvarinnar nokkurt magn úr sér genginna plast- og stálolíugeyma og tómra olíutunna sem eiga að fara í endurvinnslu en öllu er snyrtilega raðað upp. Minnt er á að rekstraraðili ber ábyrgð á að koma í veg fyrir uppsöfnun úrgangs innan lóðar og að flytja reglulega allan úrgang sem fellur til við starfsemina á móttökustöð sem hefur starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi til endurnýtingar eða förgunar.

Mæla skal olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár eða oftár ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Síðasta skráða mæling á olíu í fráveituvatni gerð árið 2021.

Við eftirlit voru ekki til staðar gögn sem sýndu fram á að mælingar á olíu í frárennsli hafi verið gerðar árið 2024.

ÁBENDINGAR

1. Oil Test strimlar frá Macherey-Nagel (Qualitative Oil test paper, MN | MACHEREY-NAGEL) til að mæla magn olíu í fráveituvatni gefa aðeins vísbendingar um það hvort olía sé til staðar í fráveituvatni og greiningarmörk geta verið yfir hámarki heimils magns olíu í fráveitu skv. starfsleyfi.

2. Minnt er á að rekstraraðili ber ábyrgð á að koma í veg fyrir uppsöfnun úrgangs innan lóðar og að flytja reglulega allan úrgang sem fellur til við starfsemina á móttökustöð sem hefur starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi til endurnýtingar eða förgunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2026

Stella Hrönn Jóhannsdóttir